

Umsóknarferli vegna uppbyggingasamninga við aðildarfélög HSV

Hvað er styrkhæft?

Sjóðurinn styrkir framkvæmdir íþróttafélaga til uppbyggingar og viðhalds mannvirkja og umhverfis..

Mótframlag

Mótframlag styrkþega er að jafnaði um 50% af styrkfjárhæð. Hámarkstímakaup í útreikningi eigin vinnuframlags skal vera 5.000 kr./klst. Mótframlag getur verið í ólíku formi eins og t.d. efnis, þjónustu, vinnuframlags og aðkeyptri vinnu.

Uppbyggingasamningar

Uppbyggingarsamningar leggja áherslu á að veita styrki til varanlegra verkefna (langtímalausna). Alla jafna er ekki gert ráð fyrir að sjóðurinn veiti fjármagn til uppsetningar skyndilausna nema ef um undantekningartilvik er að ræða þar sem mjög brýna nauðsyn ber til.

Takmarkanir á styrkveitingum

Uppbyggingarsjóður hefur ekki heimild til þess að:

- Veita framlög til rekstrarkostnaðar.
- Veita fjármagn til verkefna sem þegar er lokið.
- Veita framlög í verkefni þar sem ekki er gert ráð fyrir mótframlagi styrkþega

Úthlutun 2021

Á umsóknareyðublaði eru umsækjendur beðnir um að fylla út alla reiti.

Við mat á umsóknum er litið til forsenda og eðli verkefna. Umsóknir eru metnar eftir umsóknarferli HSV og íþrótt- og tómstundanefndar Ísafjarðarbæjar. Uppfylli umsókn ekki skilyrði sem óskað er eftir að komi fram telst hún ekki styrkhæf..

Framkvæmdastjóri HSV gefur allar upplýsingar um umsóknarferlið sé þess óskað.

Afgreiðsla Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbæjar gefur sér 6 vikur til að afgreiða umsóknir eftir að umsóknarfresti lýkur.

Aðrar áherslur og ábendingar til umsækjenda

Umsækjendur eru hvattir til að vanda sig eins og kostur er við gerð umsóknarinnar.

Umsóknarferlið

Þegar sótt er um á heimasíðu HSV er nauðsynlegt að eftirfarandi upplýsingar séu skýrar:

- Hvaða íþróttafélag sækir um.
- Hnitmiðuð lýsing á verkefni.
- Kostnaðaráætlun við verkið.
-

Hvar ber að sækja um

Sótt er um í gegnum heimasíðu HSV.

Greiðslur

Styrkfjárhæð er skipt í tvær greiðslur, sú fyrri 50% fæst greidd eftir að staðfesting á verkáætlun liggur fyrir og hefur verið samþykkt af Ísafjarðarbæ. Síðari greiðsla 50% fæst greidd eftir að lokaskýrsla hefur verið samþykkt af Ísafjarðarbæ. Greiðsla fer fram innan 10 virkra daga eftir að gögnum er skilað inn til Ísafjarðarbæjar. Ef ekki er skilað inn lokaskýrslu hefur Ísafjarðarbær heimild til að krefjast endurgreiðslu á fyrri útborgun.

Annað

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar gildar.

Nánari upplýsingar eru veittar í gegnum netfangið hsv@hsv.is.

Lokaskýrslur

Hér má nálgast eyðublað fyrir lokaskýrslu sem senda þarf inn vegna uppbyggingarsamninga.

Nauðsynleg fylgigögn

Með lokaskýrslu skal skila eftirfarandi gögnum:

- Afrit af öllum reikningum ef við á og kostnaðaryfirliti um eigið framlag.

Leiðbeiningar við útfyllingu

- Eyðublaðið er á Excel-formi.
- Útfyllt eyðublað, ásamt fylgiskjöllum, sendast á netfangið hsv@hsv.is.